

Þróunarsjóður innflytjendamála
Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Verkefnið Sprettur í Háskóla Íslands

Nafn styrkþega: Háskóli Íslands

Útdráttur: Sótt var um styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála til að stækka, þróa og útfæra verkefnið Sprett sem starfrækt er við Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins er að auka tækifæri ungmenna með innflytjendabakgrunn til háskólanáms. Stefnt var að því að skapa fleiri pláss í verkefninu til að geta boðið stærri og fjölbreyttari hópi upp á þau tækifæri, ráðgjöf, stuðning og tengsl sem Sprettur getur veitt sínum þátttakendum. Með auknu fjármagni var hægt að taka inn nema með fleiri námslegar og félagslegar áskoranir sem annars ættu á hættu að hverfa brott úr framhaldsskóla. Styrknum var ætlað að standa straum af annars vegar kostnaði vegna aukningar þátttakenda í verkefninu, en í upphafi voru aðeins 10 nemar í Spretti og urðu þeir 30 talsins árið 2021, og hins vegar launakostnaði háskólanema sem átti að starfa við verkefnið Sprett í 30% stöðu frá ágúst 2021 til ágúst 2022. Vegna fjölgunar þátttakenda í Spretti var nauðsynlegt að fá annan starfsmann inn í verkefnið. Auk almennra verkefna átti hann að stunda kynningarstarfsemi fyrir grunn- og framhaldsskólanema. Í upphafi var því ætlunin að meta árangur þessa eins árs þróunarverkefnis með því að halda utan um fjölda ungmenna með innflytjendabakgrunn sem kæmu í heimsókn í Háskóla Íslands. Vegna breyttra aðstæðna í kjölfar COVID-19 faraldursins og tíðra verkefnisstjóranskipta var ákveðið að hverfa frá þessu og meta frekar árangur þróunarverkefnisins með þarfagreiningu þar sem nemar svara spurningum um líðan sína í verkefninu og þann stuðning sem þau fá. Í ljós kom að nemunum líður almennt vel í Spretti og þau upplifa að þau fái þann stuðning sem þau þurfa á að halda. Námslegi, félagslegi og fjárhagslegi stuðningurinn virðist koma sér vel fyrir þau langflest. Skammtímaárangur verkefnisins og jafnframt árangur þessa þróunarverkefnis er því á góðri leið og verður verkefnið þróað áfram næstu ár.

Name of the project: Sprettur a project at the University of Iceland

Name of grantee: Sprettur a project at the University of Iceland

Project description: The grant from the Development Fund for Immigration Issues was supposed to help expand, develop and execute the project Sprettur at the University of Iceland. The goal of Sprettur is to increase the opportunities for students with immigrant backgrounds to pursue university studies. In the academic year of 2020-2021, only 10 students participated in the project, and Sprettur takes in 10 new participants each year. With the grant from the Development Fund for Immigration Issues, it was possible to take in 10 more participants in 2021 and therefore having 30 participants in the project during the year of 2021-2022, making Sprettur 's resources available for a bigger and more diverse group of students that might be in danger of dropping out of school. The grant also provided the financial capacity of hiring a university student for a part-time job as an assistant of Sprettur, which turned out to be a great necessity for the project, as there were some changes of project managers along with an increase in the numbers of participants. In general, Sprettur 's participants feel good in the project and most of them feel that the educational, social and financial support is of good use, and that they get the support that they need. The project has turned out useful and will be developed further in the coming years.